

Fundur í Háskólaráði

Dags. 19.11.2025

Staður og tími: Teams kl 10.00

Málsnúmer: 2511039

Fulltrúar HB: Margrét Jónsdóttir Njarðvík, Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, Sólveig Hallsteinsdóttir, Andrea Guðmundsdóttir, Erlendur Ingi Jónsson.

Fulltrúar nemenda: Halldóra Hreinsdóttir, Selma Klara Gunnarsdóttir, Lára Sól Hansdóttir.

Áheyrnaraðilar:

Fjarverandi: Sunna Dís Jónasdóttir, Sigrún Lilja Einarsdóttir

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar borin upp til samþykktar
 - Samþykkt samhljóða
2. Erindi frá nemendum
 - Undirfélögin hafa verið dugleg að mæta á staðlotur og aðstoða. Meiri virkni er í undirfélögunum og gaman að sjá hvernig virknin smitar út frá sér
 - Árshátíð nemendafélagsins er í fullum undirbúningi
 - Virðist vera nokkur þreyta í kennurum
 - Löng bið eftir einkunnum
 - Mikilvægt að kennsluáætlanir standist
 - Rætt hvernig eigi að bregðast við þegar kvartanir nemenda berast vegna ákveðinna námskeiða
 - i. Til máls tóku HH, SKG, LSH, HLP.
 - Gaman hvað kennarar og starfsfólk taka vel á móti nemendum á staðlotum
 - i. Til máls tóku HH, SKG, LSH.
3. Erindi frá starfsfólki
 - Hvetjum nemendur til að taka þátt í námskeiðamati sem er eitt helsta gæðataeki skólans til að fylgjast með gæðum námskeiðanna.
 - Stefna um gervigreind á lokametrinum ásamt leiðbeiningum til kennara og nemenda
 - Drög að dagskrá kennsluársins kynnt. Ákveðnar áskoranir sem fylgja því að vera með sumarönn þar sem mikil keyrsla er á vorönn og lítið um hlé.
 - i. Til máls tóku HLP, AG, SH, MJN
 - Spurt var um tilfinningu nemenda um notkun nemenda á gervigreind.
 - i. EIJ, HH, SKG
4. Skýrsla rektors
 - Allir rektorar á Íslandi senda inn sameiginlega umsögn til Ráðherra háskólamála vegna reiknilíkans háskólanna. Skilaboðin eru að of litlum fjármunum er varið í háskólamál á Íslandi og ekki verið að taka tillit til raunkosntaðar, sér í lagi þegar kemur að hugvísindum
 - Vinna við fjárhagsáætlun í fullum gangi



- Undirbúningur vegna gæðaúttektar er í gangi. Engar stórar breytingar framundan þar en mikilvægt að vinna þetta jafnt og þétt.
- Fagstjórafundur var haldinn þar sem farið var yfir allar helstu upplýsingar um hverja námsleið.
- Kennsluráðgjafinn okkar hefur verið að halda örnámskeið þar sem kennarar inna skólans miðla upplýsingum um bestun í kennsluháttum og hefur verið tekið vel.
- Erum að innleiða viðbætur við Inspira til að bæta prófayfirsetu og gæta jafnræðis. Farið yfir hvernig innleiðingarferlið er og hvernig fylgt var lögum og reglum um persónuvernd.

Fundi slitið kl. 10.45

Fundarritari: Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir